

1 Yfirlit breytinga 2025.01

Talsverðar breytingar er að finna í útgáfu 2025.01 sem kemur út 1. desember 2024. Meðfylgjandi er yfirlit yfir helstu breytingarnar. Mjög æskilegt er að kynna sér þær vel því margt af þeim á eftir að einfalda líf notenda og spara þeim óþarfa vinnu síðar meir. Allar nánari upplýsingar má fá hjá þjónustuborði okkar: stolpi@stolpi.is eða heyrja í okkur í síma 512-4400.

Einnig minnum við á að velkomið er að hafa fund/fjarfund hvenær sem er til að fara yfir breytingar eða annað í Stólpa svo tryggt sé að verið sé að nota kerfið eins og best verður á kosið.

Helstu breytingar

1	Yfirlit breytinga 2025.01	1
2	Rafrænar innkaupareikningar – Almennt	2
2.1	Nýtt viðmót yfirlits – Bókunarlínur	2
2.2	Hvernig var reikningurinn uppfærður.....	2
2.3	Sjálfvirk stofnun á nýjum Lánardrottinn.....	2
2.4	Rafrænar innkaupareikningar -> Verkbókhald -> Sölureikningur.....	3
3	Verkbókhald og vinnuskýrslur	4
4	Sölukerfið.....	4
5	Nýr Stólpi API vefþjónusta	5
6	Beintenging við banka	5
7	Nýtt App fyrir verkbókhald	5
8	Lánardrottinn	7
9	Skuldunautar	7
10	Tollkerfi.....	7
11	Framleiðslukerfi.....	7
12	Almennt	7
13	Væntanlegt í 2025.02	8

2 Rafrænir innkaupareikningar – Almenn

2.1 Nýtt viðmót yfirlits – Bókunarlínur

Áður þurfti að opna hvern innkaupareikning til að sjá hvaða vörulínur eru skráðar á reikninginn og yfirfara bókunarlykil per vörulínu. Nú er hægt að sjá vörulínur reiknings og bókunarlykil án þessa opna hvern reikning. Neðst á skjánum er komið svæðið [**Bókunarlínur**] sem sýnir vörulínur reiknings og aðrar helstu upplýsingar. Þetta flýtir verulega fyrir vinnu bókarans. Notið upp og niður örvarnar á lykklaborðinu til að fara á milli reiknings- og vörulína og [**Ctrl**]+[**Tab**] til að hoppa á milli svæðanna tveggja, Bókunarlínur neðst og reikningslínur efst. Nánari upplýsingar má finna í handbók okkar:

Rafrænir reikningar – Móttaka - <https://stolpi.is/handbaekur/>

Reikningar	Öryggis- / Öryggis- / Öryggis-	Öryggis- / Öryggis- / Öryggis-	Öryggis- / Öryggis- / Öryggis-	Öryggis- / Öryggis- / Öryggis-	Öryggis- / Öryggis- / Öryggis-
Sendandi	Kennitala	Netfang	Nafn	Áttáskot	Samtals ár VSK
	14112024		Reikningar	14.11.2024	6.038,67
			Reikningar	14.11.2024	20.766,81
			Reikningar	14.11.2024	4.301,64
			Reikningar	14.11.2024	7.664,09
			Reikningar	14.11.2024	30.238,94
			Reikningar	13.11.2024	20.766,27
			Reikningar	13.11.2024	13.649,85
			Reikningar	13.11.2024	24.747,00
			Reikningar	13.11.2024	6.000,00
			Reikningar	13.11.2024	10.279,89
			Reikningar	13.11.2024	933,00
			Reikningar	13.11.2024	8.851,20
			Reikningar	13.11.2024	16.320,00
			Reikningar	13.11.2024	24.028,90
			Reikningar	13.11.2024	14.140,32
			Reikningar	13.11.2024	6.498,25
Bókunarlínur				224.839,97	253.555,00

Ísl. Vörum. Mgr.	Neti	Vörumer	Bókunarkl.	Lager	BúnaðsStöð.	Abstrakt	Kaupprógr.	Hæðing	Reklarútlit/Ver.	Vörulínur
1	00485-00000000	Þessi hefur efið 2 m Þig Zag wafri Þig Zag	Þ1000.0.0 - Vörubúnað, 24% vak - 24% VSK	LASER	4.559,89	5,00	4.523,00	5,26	4.520,00/Ávax	
2	004873	Þessi málubúnað	Þ1000.0.0 - Vörubúnað, 24% vak - 24% VSK	LASER	1.600,14	5,00	989,11	5,24	1.620,00/Ávax	
3	004892	Þessi opphengi Sig Dax	Þ1000.0.0 - Vörubúnað, 24% vak - 24% VSK	LASER	2.824,45	5,00	2.892,14	5,29	2.820,00/Ávax	
4	01052084	Lánið hefur 107 gr mþök, CT m/þappa 758158	Þ1000.0.0 - Vörubúnað, 24% vak - 24% VSK	LASER	339,50	5,00	522,58	5,26	340,00/Ávax	
5	005120278	Lánaðinn m/þappa og wafri Clp 1749656	Þ1000.0.0 - Vörubúnað, 24% vak - 24% VSK	LASER	41,91	5,00	95,82	5,26	41,00/Ávax	

2.2 Hvernig var reikningurinn uppfærður

Þar sem hægt er að uppfæra rafræna innkaupareikninga með mismunandi hætti, t.d. inn á verk í verkbókhaldi og/eða sem vörukaup á vörum í birgðakerfi er oft nauðsynlegt að geta skoðað eftirá hvernig hver og einn reikningur var uppfærður þegar uppfærslan átti sér stað. Þegar rafrænn reikningur er uppfærður er núna skráð hvaða stillingar voru notaðar við uppfærslu hans. Hægt er að skoða stillingar uppfærslu á reikningi undir [**Aðgerðir**] takkanum þegar reikningurinn er skoðaður. Einnig eru öll breytileg svæði reiknings læst eftir uppfærslu reiknings til að tryggja áreiðanleika og rekjanleika uppfærslunnar.

2.3 Sjálfvirk stofnun á nýjum Lánardrottinn

Þegar rafrænn innkaupareikningur er móttækinn í Stólpa parast hann sjálfkrafa við samsvarandi lánardrottinn út frá skráðri kennitölu sendanda reiknings og kennitölu lánardrottins, þ.e. ef hann er til sem lánardrottinn í Stólpanum ykkar.

Reikningur: [000022000]

Sendandi skeyti	[Stofna LDR frá skeyti]	Dagsetningar
Nafn:	Hasar ehf	Útgáfudagur: 18.11.24
Kennitala:	5502170310	Móttékinn: 18.11.24
Lánardrottinn	Allir	Gjalddagi: 25.11.24
Nafn:		Eindagi:
Kennitala:		Timabil frá:
Nánari upplýsingar	Opna LDR	Timabil til:

Athugasemd _____ Víðhengi LDR / Fnsk

Ef sendandi reiknings er hins vegar ekki til sem lánardrottinn þegar reikningur er móttækinn, kemur svæðið **Lánardrottinn** tómt. Þá þarf að stofna hann og skrá hann inn á reikninginn. Núna er hægt að stofna hann strax með að smella á [**Stofna LDR frá skeyti**] og para reikninginn við nýskráðan lánardrottinn.

2.4 Rafrænir innkaupareikningar -> Verkbókhald -> Sölureikningur

Einn af stóru kostum rafrænna innkaupareikninga er að geta endurselt aðkeypt nánast fyrirhafnarlaust með rétttri álagningu og á réttu útsöluverði til endanlegs kaupanda. Endanlegur sölureikningur verði þannig með sömu vörulýsingu og innkaupareikningurinn og á réttu útsöluverði fyrir allar þær vörur sem keyptar voru inn, án þess að tengja það endilega við eigin vörunúmer í birgðakerfi Stólpa. Á þetta einkum við verktaka og iðnaðarmenn sem kaupa mikið af efni og endurselja til verkkaupa. Veittur afsláttur frá upphaflegum birgja verður þannig eftir hjá verktakanum og endanlegur kaupandi greiðir fullt verð efnis án afsláttar eða á því verði sem verktaki kýs. Allt gerist þetta sjálfkrafa í Stólpa og flýttir gríðarlega fyrir annars tímafreakari reikningavinnu og veitir frábæra yfirsýn yfir allt aðkeypt efni svo ólíklegt sé að gleymist að endurselja það til verkkaupa.

Almennt: Flestir birgjar tilgreina með réttum hætti, samkvæmt staðli rafrænna reikninga frá Staðlaráði Íslands, hver afsláttur er per vöru á innkaupareikningi svo Stólpi geti með sjálfvirkum hætti reiknað rétta álagningu og rétt endursöluverð til verkkaupa per vörulínu. Einnig er hægt að hafa fasta % álagningu á kostnaðarverð vöru fyrir þá sem kjósa það, en flestir vilja þó hafa álagningu til verkkaupa í samræmi við afsláttinn frá birgja, þ.e. að verktakinn haldi afsláttinum eftir hjá sér en verkkaupi greiði fullt verð án afsláttar frá birgja.

Vandamálið: Örfáar undantekningar hafa verið á þessu, þar sem afsláttur örfárra birgja er ekki alltaf rétt tilgreindur og/eða „afsláttur“ færður sem línufrádráttur/álag sem er ekki samkvæmt íslenskum staðli eða venju. Þetta hefur valdið því að Stólpi hefur ekki getað reiknað út rétta álagningu eða rétt útsöluverð efnis til verkkaupa. Slíkir reikningar hafa þá verið merktir með viðvörun (rauð-merktir) svo notandi geti yfirfarið álagninguna handvirk og leiðrétt eftir þörfum.

Reikningur: SR-954638																																																										
Sendaendri skýttis		Dagsetningur		Greiddsupplýsingar		Gjaldmál		Tilvisanir skýttis																																																		
Nafn: Íðenska Gámafélagið		Útgefning: 24.09.24		Skilmálar:		Myni/gergi: ISK 1.000		Bókun: Borgartun 28																																																		
Kennitala: 4705962289		Móttökun: 10.10.24		Gr.mál: Krafá (Greðsluseðill)		Aftandag: 30.9.2024																																																				
Lánvæðing: Allir		Gjalddag: 14.10.24		Gr.tilvisun: SR-954638		Dags: 30.9.2024																																																				
Nafn: Íðenska Gámafélagið ehf.		Enddag: 19.10.24		Bankanr: 0331		Hafnill:																																																				
Kennitala: 4705962289		Tímabil frá:		Höfuðbók: 66		Staður:																																																				
Náttúrulýsingar: Chona LDR		Tímabil til:		Reikn.nr.: 802202		SLN nr.:																																																				
Tilvisanir		Vörulýsing		Bókun reiknings		Inni tilvisun		Borgartun 28																																																		
Borgartun 28		Nr. Einkenni Tegund Gildi		Vöruskrá:		Vöruskrá:		"Engin"																																																		
Þjónusta 25.ágúst - 24.september 2024.						Verk:																																																				
A milt. gfs. má nálgast allar upplýsingar varðandi þjónustu.						Verkbátur:																																																				
Hú hefur gámsveðið á vegum Íðenska Gámafélagsins sponað á hefðbundnum forntæknis- og kúðingum 1% 2024 þessu.						Verkiður:																																																				
Gámsveðið er óþátt viðskiptavörum, fyrirtækjum og öðrum.						Starfsmaður:																																																				
Háttir upplýsingar má nálgast á gámsveðingunni hjá netið gámsveðið.						Vinnudeild:																																																				
<table border="1"> <thead> <tr> <th>Línur</th> <th>Bókun lína</th> <th></th> <th></th> <th></th> <th></th> <th></th> <th></th> <th></th> <th></th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>1</td> <td>10112</td> <td>660 tr. plastkar telga</td> <td></td> <td></td> <td>4625.0.0.0</td> <td>Rekstrarkostnaður Hönnuðis - 24% VSK</td> <td>LAGER</td> <td>5.693,40</td> <td>0,00</td> <td>5.693,40</td> <td>0,00</td> <td>5.693,40</td> </tr> <tr> <td>2</td> <td>10110</td> <td>660 tr. plastkar ísmur</td> <td></td> <td></td> <td>4625.0.0.0</td> <td>Rekstrarkostnaður Hönnuðis - 24% VSK</td> <td>LAGER</td> <td>3.230,82</td> <td>0,00</td> <td>3.230,82</td> <td>12,50</td> <td>3.655,32</td> </tr> <tr> <td>3</td> <td>10506</td> <td>Almennt sorp, hrafefil til orkuvæðingu</td> <td></td> <td></td> <td>4625.0.0.0</td> <td>Rekstrarkostnaður Hönnuðis - 24% VSK</td> <td>LAGER</td> <td>49,95</td> <td>0,00</td> <td>49,95</td> <td>13,50</td> <td>63,45</td> </tr> </tbody> </table>										Línur	Bókun lína									1	10112	660 tr. plastkar telga			4625.0.0.0	Rekstrarkostnaður Hönnuðis - 24% VSK	LAGER	5.693,40	0,00	5.693,40	0,00	5.693,40	2	10110	660 tr. plastkar ísmur			4625.0.0.0	Rekstrarkostnaður Hönnuðis - 24% VSK	LAGER	3.230,82	0,00	3.230,82	12,50	3.655,32	3	10506	Almennt sorp, hrafefil til orkuvæðingu			4625.0.0.0	Rekstrarkostnaður Hönnuðis - 24% VSK	LAGER	49,95	0,00	49,95	13,50	63,45
Línur	Bókun lína																																																									
1	10112	660 tr. plastkar telga			4625.0.0.0	Rekstrarkostnaður Hönnuðis - 24% VSK	LAGER	5.693,40	0,00	5.693,40	0,00	5.693,40																																														
2	10110	660 tr. plastkar ísmur			4625.0.0.0	Rekstrarkostnaður Hönnuðis - 24% VSK	LAGER	3.230,82	0,00	3.230,82	12,50	3.655,32																																														
3	10506	Almennt sorp, hrafefil til orkuvæðingu			4625.0.0.0	Rekstrarkostnaður Hönnuðis - 24% VSK	LAGER	49,95	0,00	49,95	13,50	63,45																																														
<table border="1"> <thead> <tr> <th>Samtala lína</th> <th>Hausafsi /göld</th> <th>Samtals án VSK</th> <th>Virðisauki /áfröngunur</th> <th>Reikningsupphæð</th> <th>Fyrirframgreitt</th> <th>Til greidda</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>11.999,22</td> <td>0,00</td> <td>11.999,22</td> <td>2.735,81</td> <td>-0,03</td> <td>14.135,00</td> <td>14.135,00</td> </tr> </tbody> </table>										Samtala lína	Hausafsi /göld	Samtals án VSK	Virðisauki /áfröngunur	Reikningsupphæð	Fyrirframgreitt	Til greidda	11.999,22	0,00	11.999,22	2.735,81	-0,03	14.135,00	14.135,00																																			
Samtala lína	Hausafsi /göld	Samtals án VSK	Virðisauki /áfröngunur	Reikningsupphæð	Fyrirframgreitt	Til greidda																																																				
11.999,22	0,00	11.999,22	2.735,81	-0,03	14.135,00	14.135,00																																																				

Lausnin: Í nýrri útgáfu hefur þetta verið endurbætt stórlega, þar sem Stólpi reiknar nú út afsláttinn, ef hann er ekki tilgreindur með réttum hætti í innkaupareikningnum, sem veldur því að mun færri, eða engir, innkaupareikningar fara lengur á viðvörun og því minnkar verulega þörf á inngripi og handvinnu við leiðréttingar verulega.

Inngrip notanda: Nú gefst notanda færi á að yfyrskrifa með mun einfaldari hætti sjálfvirkan útreikning Stólpa á álagningu eða útsöluverði sé þess óskað. Við uppfærslu/staðfestingu innkaupareiknings færst

efnið því yfir á verkið í verkþókhaldi á því útsöluverði/álagningu sem notandi óskar eftir, hvort sem það verð sé hærra eða lægra en fullt verð birgja fyrir afslátt sem er það útsöluverð sem Stólpi kemur sjálfkrafa með. Kostnaðarverð efnis er eftir sem áður óbreytt og í samræmi við raunverulegt kaupverð frá birgja og í samræmi við innkaupareikninginn.

Ný uppsetning og möguleikinn á að yfirskrifa vörulýsingu, álagningu eða endursöluverð gefur notanda mun betri yfirsýn og stjórn á því efni sem hann endurselur. Feitletruð svæði (e. „**Bold**“) svæði eru svæði sem notandi getur yfirskrifað áður en reikningur er færður yfir á verk í verkþókhaldi og þaðan yfir í endanlegan sölureikning til verkkaupa.

3 Verkbókhald og vinnuskýrslur

Nokkrar minniháttar viðbætur hafa verið gerðar:

- **Hraðskrá efni og vinnu:** Við yfirferð á skráðu efni og vinnu, verkskráningar, kemur stundum í ljós að eftir er að skrá meira á verkið. Hingað til hefur notandi þurft að fara út úr verkskráningum og inn í skráningarformið. Til að einfalda og flýta fyrir þessari skráningu er núna hægt að hraðskrá vinnu eða efni beint á opið verkið. Ýtið á **[Ctrl]+[N]** til að opna strax hraðskráningarform fyrir valið verk og skráið það efni eða vinnu sem eftir var að skrá.
- **Hraðskráning: Vöru- eða starfsmannaleit:** Þegar verið er að skrá vinnu og/eða efni í hraðskráningum er mikilvægt að fljótlegt sé að finna réttu vöruna eða rétta starfsmanninn. **[F4]** opnar nú vörulista eða starfsmannalista eftir því hvort verið er að skrá E (efni) eða V (vinnu) og einfaldar þannig alla handvirka skráningu.
- **Hraðskrá verkbeiðni:** Í yfirlitstöflu í verkþókhaldi er nú komin flýtleið til að skrá verkbeiðni fyrir valið verk. Í tækjastiku er komin nýr aðgerðarhnappur, Útbúa nýja verkbeiðni, til að opna beint inná svæðið fyrir nýja verkbeiðni
- **Stækkað svæði** fyrir athugasemd á verkbeiðni. Listi yfir vörur sýndi ekki lóðréttar línur.
- Í yfirliti verka er hnappur fyrir reikningsfærslu ekki gerður óvirkur en tékkað í kóða hvort verk séu hæf til reikningsfærslu
- Yfirlit verka í verkþókhaldi flettir nú upp verknúmeri í síu-reit
- **Vinnuskýrslur – skipta um starfsmann:** Lagfæring á galla. Í vissum skráningarviðmótum lokaðist kerfið í heild sinni þegar reynt var að skipta um starfsmann. Þetta hefur nú verið lagfært.

4 Sölukerfið

Leitargluggi við endurprentun reikninga stækkaður

Aukastafir á útgefnum reikningi: Öll reikningsniðmát í útprentun reikninga nota nú aukastafi eins og þeir eru skilgreindir í stillingum sölukerfis.

Bókunarlykill afsláttar: Lagfæring. Afsláttur fór ekki á réttan bókunarlykil ef valið var að nota afsláttarlykil vöru.

Krassblað: Flipinn [Krassblað] í nútuglugga er ætlaður til að skrá frjáls minnisatriði eða annað sem ekki fer á endanlegan reikning til greiðanda. Nú má sjá ! merki í flípanum ef eitthvað hefur verið skráð þar svo það fari síður framhjá notanda að skoða skráninguna síðar.

Ný verðskrá: Verðskrá í sölukerfi og vöruleit hefur nú fengið nýtt og betra útlit. Verðskráin er núna bæði mun læsilegri og einfaldari í allri notkun. Hvort sem verið er að leita að vöru, breyta henni eða stofna nýja vöru. Hver notandi getur einnig stillt hvaða dálka hann skoðar í verðskránni, hversu stórir eða litlir dálkarnir eru og röð þeirra. Verðskráin hefur þannig fengið það útlit og yfirbragð sem má finna víða í Stólpa.

Nánari upplýsingar um nýja vöruskrá sölukerfis má finna [HÉR](#)

5 Nýr Stólpi API vefþjónusta

Ný og öflug API vefþjónusta Stólpa (Application Programming Interface) býður upp á ótakmarkaðar möguleika að tengja Stólpa við utanaðkomandi tölvukerfi, upplýsingakerfi, vefsíður eða annað utanaðkomandi kerfi. Má þar helst nefna söluvefsíður frá WooCommerce eða Shopify, upplýsingakerfi eða hvaða tölvukerfi sem er.

Með þessari vefþjónustu er hægt að tengja saman mismunandi kerfi við Stólpa gagnagrunninn og sækja eða uppfæra gögn eins og birgðastöðu, sölureikninga og sölupantanir.

Stólpi API nýtir sér JSON/REST samskiptareglur til að tryggja hraða og skilvirka gagnaflutninga. Leiðbeiningar og skjölun fyrir Stólpi API má finna [HÉR](#)

6 Beintenging við banka

Innlendir bankar eru með sameiginlegan samskiptastaðal (B2B) sem Stólpi hefur nú tengst. Núna getur Stólpi sótt hreyfingar bankareikninga, stofnað innheimtutröfur og sótt greiðslur á innheimtutröfum sem getur falið í sér mikið vinnuhagræði fyrir stærri aðila. Fleiri þjónustur munu bætast við í náinni framtíð.

B2B þjónustan kemur til viðbótar við þá bankatengingar sem fyrir voru í Stólpa. Óbreytt er til dæmis að lesa inn Excel skrá úr banka með hreyfingum bankareiknings inn í fjárhagsdagbók, eða fjöldastofna innheimtutröfur með texta-skrá úr Stólpa sem lesin er inn í netbanka.


B2B þjónustan er gjaldskyld viðbótarþjónusta. Frekari upplýsingar eða aðstoð við uppsetningu veitir þjónustuborð Stólpa.

7 Nýtt App fyrir verkþókhald

Stólpi er núna að gefa út nýtt smáforrit í snjallsíma, App, fyrir vinnu- og efnisskráningar starfsmanna sem er beintengt Stólpa. Starfsmenn geta með því skráð með mjög einföldum hætti fyrir valið verk úr verkþókhaldi Stólpa:

- vinnutími**, með frjálsi athugasemd, hvort sem það er dagvinna, yfirvinna eða stórhátíðarálag
- efnisnotkun**, með frjálsi athugasemd, skráðar vörur úr birgðakerfi Stólpa, allar vörur eða að hluta
- akstur**, með frjálsri athugasemd

Appið er beintengt gagnagrunni Stólpa gegnum nýja og læsta vefþjónustu Stólpa og gefur rauntímayfirlit yfir allar skráningar starfsmans fyrir hverja valda vinnuviku svo minni hætta sé á að skráningar gleymist eða séu tvískráðar. Allar skráningar starfsmanns, óháð því hver eða hvar þær eru skráðar, eru samstundis sýnilegar í Stólpa og appinu. Starfsmaður getur aðeins skráð fyrir sjálfan sig en stjórnandi getur séð allar skráningar. Einnig er hægt að skrá/yfirfara í gegnum læsta vefsíðu frá tölvu með sama viðmóti.



Stjórnandi yfirfer og staðfestir skráningar starfsmanna áður en þær færast sem vinnu- og/eða efnisskráning á viðkomandi verk í verkþókhaldi Stólpa. Verkþókhaldið gefur yfirlit yfir öll þau verk sem eru í vinnslu og hvort eftir sé að rukka það til verkkaupa að hluta til eða í heild. Í verkþókhaldi Stólpa gefst einnig tækifæri á að breyta vinnu- og efnisskráningum áður kerfið útbýr samandreginn eða ítarlegan verkreikning til verkkaupa með eða án ítarlegrar sundurliðunar í viðhengi reiknings. Verkþókhaldið gefur einnig mjög gott yfirlit yfir kostnaðarverð, tekjur og framlegð verksins eða hvernar skráningar svo ljóst sé hvort verkið í heild sé að skila ásættanlegri afkomu eða ekki.

Starfsmenn geta verið á mismunandi útsölutaxta, dagvinnu, yfirvinnu- eða stórhátíðarálagi. Einstakir verkþættir geta einnig haft fastan útsölutaxta óháð hvaða starfsmaður er á bak við vinnuna. Vinnuskráningar starfsmanna skila sér jafnframt inn í launakerfi Stólpa til að reikna út laun starfsmanna.

Einfaldast er að reikningar fyrir aðkeypt efni séu sendir sem rafrænir reikningar og sjálfvirkir skráðir á viðkomandi verk af Stólpa til að lágmarka tímafreka og skeikula efnisskráningu starfsmanna. Rafrænir innkaupareikningar passa upp á að allt efni sé skráð á verkið á réttu kostnaðarverði, rétti álagningu og réttu útsöluverði, svo afsláttur frá birgja verði eftir hjá verktaka. Efnisskráning starfsmanna sé því lágmarkuð eins og kostur er.

8 Lánardrottinnar

- Flýtilykill Shift-Enter í yfirlit skuldunauta og lánardrottinnar opnar nú hreyfingalista
- LDR og SKN spjald - Lagað tab-order á svæðum
- Skoða hreyfingar LDR og SKN lagað tab order og breytt röðun dagsetninga
- Fjarlægð on-close í reporti þ.a. við lokun þá lokast ekki einnig hreyfingarspjaldið
- LDR og SKN spjald birtir nú reiti fyrir ZIP og CityName (Valfrjálst að nota)
- Löguð villu í hreyfingalista, ef það vantaði gildi þá stillist sjálfkrafa á True

9 Skuldunautar

Fella niður óvirka/úrelða skuldunauta. Á löngum tíma getur safnast upp of mikill fjöldi skuldunauta og jafnvel svo mikið að það verði að vandamáli. Aðgerðin er ætluð til þess að hreinsa til í of miklum fjölda skuldunauta með að fella niður varanlega óvirka/úrelða skuldunauta. Skuldunautur þarf að vera með stöðuna 0 kr. OG hafa ekki hreyfst í mörg ár svo hægt sé að velja hann til niðurfellingar. Nánari upplýsingar má finna [HÉR](#)

- LDR og SKN spjald - Lagað tab-order á svæðum
- Nokkrar lagfæringar á niðurfellingu skuldunauta:
- Reiti vantaði í fyrirspurn fyrir form
- Handvelja úrtak þurfti að vera með vinnutöflu í join-i til að virka rétt
- Hnappur í borða var lítill
- Liðirnir "bæta við" og "taka út" skuldunaut í hægri-smellu valmynd virkuðu ekki
- Fjöldi í úrtaki uppfærðist ekki
- Möguleiki á að fella niður gamla óvirka skuldunauta
- Flýtilykill Shift-Enter í yfirlit skuldunauta og lánardrottinnar opnar nú hreyfingalista

10 Tollkerfi

Tollkerfi leyfir nú sendingu tollskýrsla fyrir þriðja aðila (tollmiðlun)

11 Framleiðslukerfi

Framleiðslukerfi hefur fengið andlitslyftingu. Nýr borði.

12 Almennt

- Gagnagrunnur fluttur í **accdb** sniðmát. Gagnagrunnur Stólpa breytir því um sniðmát og fær þar með nýja endingu á nafni gagnagrunns, þ.e. nýja endingu sem verður eftir uppfærslu **.accdb** í stað þess sem áður var **.mde** eða **.accde**. **Þeir notendur sem ekki eru í hýsingu með sjálfvirka afritunartöku tryggi að sjálfvirk afritun þeirra afriti áfram gagnagrunninn eftir að hann fær .accdb endingu.**
- Nýr gagnagrunnur heldur nú betur utan um „logg-töflur“
- Allar töflur í gagnagrunni eru nú með frumlykil byggðan á einkvæmu svæði
- Bætt við Modified og Modified By reitum í margar töflur til að halda utan um breytingar
- Bættar tilkynningar í uppfærslu/umbreytingu gagna
- Leitargluggi stækkaður. Víkkar líka til að sniðstrengur passi.
- Uppfært MainCompanyInfo til að birta stærra svæði fyrir logo/merki á haus reikninga

- Við opnun birtust áður allir starfsmenn þó sía sé merkt að sýna aðeins starfandi
- Bætt við reitum í t_Purchase_Invoice til að geyma uppfærslustillingar
- Bætt við reitunum ZIP og CityName í SPPT fyrir betri yfirsýn og gögn fyrir Solin/Ístex
- Bætt við löndum og ISO 2 og 3 stafa kóðum fyrir þau í System Country Name

13 Væntanlegt í 2025.02

Útgáfa 2025.02 er langt komin og væntanleg til afhendingar í apríl 2025. Þar verða einnig talsverðar breytingar. Má þar helst nefna:

- **Margir sendingamátar:** Í dag er einn sendingarmáti skráður á hvern sölureikning, hvort sem það er prentun, tölvupóstur eða rafrænn reikningur. Ef senda þarf sama reikning með tvennum eða þrennum hætti þarf að endursenda reikning handvirkt í dag. Í útgáfu 2025.02 verður hægt að skrá einn eða fleiri sendingarmáta á hvern skuldauta og sendist hver reikningur því sjálfkrafa á alla þá sendingarmáta sem skráðir eru á greiðanda reiknings við útgáfu hans.
- **Rafrænir innkaupareikningar:** Í dag er hver lánardrottinn með einn sjálfvirkan gjaldalykil sem færast á allar vörulínur rafræns innkaupareiknings óháð því hvaða vsk-þrep er á vörulínu. Í útgáfu 2025.02 verður hægt að skrá allt að þrjú gjaldalykla á hvern lánardrottinn per vsk-þrep og munu rafrænir reikningar þá sjálfkrafa bókast á samsvarandi gjaldalykil eftir því hvaða vsk-þrep er á vörulínu. Þetta mun flýta fyrir vinnu bókara og draga úr villuhættu.
- **Sjálfvirkur innlestur PDF innkaupareikninga:** Innkaupareikningar sem berast sem PDF-skrá verður hægt að lesa inn í lánardottnerfið sem sjálfkrafa les reikninginn og forskráir reikninginn til yfirferðar og bókunar. PDF skráin verður varðveitt sem órjúfanlegur partur af bókun reiknings.
- **Pappírslaust bókhald:** Þeir reikningar sem ekki berast sem rafrænir reikningar eða PDF reikningar verður hægt að skanna og vista sem viðhengi með handvirkri bókun innkaupareiknings. Viðhengið verður órjúfanlegur partur af bókun reiknings. Með þessu skrefi verður tryggt pappírslaust bókhald.
- **Vörur af innkaupareikningi yfir á sölureikning:** Auðvelt verður að endurselja aðkeyptar vörur með að færa vörur af rafrænum innkaupareikningi sjálfvirkt yfir á sölureikning í sölukerfinu. Útsöluverð á sölureikningi verður sjálfkrafa reiknað miðað við stillingar notanda, þ.e. út frá afslætti frá birgja eða föst prósentu lögð á kostnaðarverð. Í dag er þetta aðeins hægt með að skrá vörur fyrst á verk í verkbókhaldi Stólpa, sem útbýr síðan sölureikning. Bílaverkstæði og fleiri munu með þessu getað einfaldað verulega alla handavinnu sína við reikningagerð og dregið úr hættu á mistökum ásamt því sem rekjanleiki og yfirsýn yfir keyptar og seldar vörur verður mun betri.